

1863.

23. júlím.

64. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til sýslumannsins á Vestmannaeyjum, um flutning á líki.

H. Bohn urtasali hefir sótt um leyfi til þess, að grafa megi upp líkkistu bróður síns, Carl Henning Bohns factors, er andaðist á Vestmannaeyjum í janúarmánuði þ. á. og jarðaður var þar í kirkjugarðinum, og flytja síðan líkið hingað í sínkistu, er lokið sé lóðað yfir.

Um þetta skal yður, herra sýslumaður, kunngjört, til þess þér hagið yður þar eptir og gjörð þær ráðstafanir, sem þörf er á, að stjórnarráðið ekki álitur, að neitt sé því til fyrirstöðu, að leyfi þetta sé veitt hlutaðeiganda; þó ber yfirvaldinu að hafa eptirlit með því, þegar líkið er grafið upp og flutt burt; skal og við hafa tilhlýðilegar varúðarreglur, og ber þess einnig að gæta, að sóknarpresturinn riti um þetta athugasemd í kirkjubókina.

17. ágústm.

65. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skil fyrir sýslugjöldum og um sýslureikninga.

Eptir að dómsmálastjórnin hafði skrifazt á við reikningastjórnardeild konungsríkisins útaf bræfi amtsins, dagsettu 23. d. aprílm. þ. á., en í því bræfi hefir amtíð leitazt við að sýna fram á, að sýslumönnum sé ómögulegt að breyta eptir því, sem fyrir er mælt í bræfi greindrar stjórnardeildar 28. febrúarm. þ. á. um, að reikningar þeirra eigi með fullum skilríkjum að vera komnir til amtsins fyrir 31. d. maímán. á ári hverju, þá hefir stjórnardeildin í álitsskjali sínu um málið, dags. 10. f. m., meðal annars tekið fram, að tekjum ríkissjóðsins, sem sýslumenn eigi að senda reikning fyrir innan þessa tíma, sé þannig varið, að í reikningum þessum eigi að gjöra skil fyrir erfðagjöldum, er fællu árið á undan, fyrir kóngstíund þeirri, sem sett er um haustið árið þar á undan, og greiðast átti í fardögum næstliðins árs (þ. e. 6. júním.)¹, fyrir sýsluafgjöldun-

¹) Þetta ber þannig að skilja, að kóngstíund sú, sem sýslumenn

um, lögmannstolli og lögþingisskrifaralaunum, sem borgast áttu 31. júlím. árið á undan; að þegar hinn síðasti frestur, er reikningarnir eigi að vera komnir til amtmanns, eptir því, sem áður er sagt, sè látinn vera 31. dag maímánaðar, þá hafi sýslumenn 10 mánaða frest frá hinum síðasta gjalddaga, sem ofangreindum tekjum er ákveðinn, þangaðtil reikningar yfir þær eiga að vera komnir til amtmanns með skilríkjum fyrir, að þær hafi verið borgaðar í tækan tíma inn í ríkissjóðinn á lögskipaðan hátt; og að það þarðauki sè vitaskuld, að ef kvittun landfógetans fyrir því, sem síðast er borgað, ekki geti fengizt áður en senda á reikninginn, beri að tilfæra þá upphæð í gjaldaðálkinum í reikningnum, og skýra um leið frá, hvenær peningarnir hafi verið sendir, og að kvittun landfógetans skuli verða send á eptir undir eins og hún sè fengin; en hið síðasta af tekjunum beri ávallt að senda með fyrstu póstferð, sem fellur eptir 31. marzmán., og geti það ekki verið annað en það lítilræði, sem sýslumanni hefir verið borgað síðan næsta póstferð fèll fyrir 31. marzmán.

Þetta kunngjörir stjórnarráðið yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar.

**66. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 1. septbrm.
vesturumdæminu, um framfærsluhrepp Jóhannesar
og Stefáns, Stefánssona.**

Með brèfi dagsettu 4. marzm. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað brèf nokkurt með fylgiskjölum; í því fer hreppstjórinn á Fellströnd í Dala sýslu, H. Jónsson, fram á, að gjörð verði breyting á úrskurði þeim, er þèr 2. dag aprílm. f. á. kváðuð upp um, að Jóhannes og Stefán Stefánssynir, synir Kristbjargar Níelsdóttur, ættu að vera sveitlægir í Borgar hrepp

eiga að standa skil á, t. a. m. í reikningi fyrir árið frá 1. apríl 1863 til 31. marzm. 1864, og senda þann reikning til amtmanns fyrir 31. maím. 1864, er sú tíund, sem sett er eptir framtali bænda haustið 1862, og greidd sýslumönnum á manntalsþingum 1863.

Útg.